

Skólaráðsfundur 23.nóv. 2010 kl.16.00

Jóhanna setti fund kl.16.00

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Jón Pálsson fulltrúi grenndarsamfélags, Arna Björk Birgisdóttir fulltrúi kennara, Sólveig Jensdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Vilborg Sveinsdóttir fulltrúi kennara, Ólína Margeirsdóttir fulltrúi foreldra, Sturla Sær Erlendsson og Hlynur Ómarsson fulltrúar nemenda.

1. Aðventan.

Jóhanna kynnti dagskrá aðventunnar, skreytingadagur föstudaginn 3.desember.

2. Starfsáætlun skólans.

Annað árið sem áætlunin er sett upp með þessu formi, hagræðingarmarkmið eru : 1 1/2% niðurskurður, 1% gjaldskrárlækkun og 4% á þjónustustigi.

Áframhaldandi áhersla verður lögð á virka þátttöku foreldra í skólastarfinu. Útikennsla; á næsta ári er stefnt að því að nokkrir árgangar taki þátt í útistarfinu, uppbygging er í fullum gangi hjá teymi innan skólans ásamt utanaðkomandi aðstoð, Hulduberg verður í samstarfi með svæðið í Litlaskógi.

Fjölbreyttir kennsluhættir og leiðsagnarmat, sett verða inn á Mentor spurningar fyrir nemendur og foreldra sem þau svara saman, prenta síðan út og hafa með í foreldraviðtöl þar sem farið verður yfir og borið saman. PALS, lestarhæfni nemenda þjálfuð í allt að 16 vikur, góður árangur er að skila sér hjá nemendum.

3. Skólanámskrá.

Almenni hluti skólanámskrár verður tekinn fyrir á næsta fundi, búið er að stytta hana og vinna í samræmi við drög að aðalnámskrá, uppbyggingastefnan tekin inn og kemur svolítið í stað stífra skólareglna.

4. Hljóðvist í mötuneyti.

Það eru í pöntun plötur sem verða settar á alla fasta fleti í mötuneytinu.

5. Niðurstaða samræmdra prófa.

10. bekkur : íslenska	skólinn :	6,1
	landið :	6,2
	Suðvl.+ Rvík :	6,3
10.bekkur : stærðfræði	skólinn :	6,5
	landið :	6,5
	Suðvl.+Rvík :	6,8
10.bekkur : enska	skólinn :	7,1
	landið :	7,1
	Suðvl.+Rvík :	7,4

Þetta er nokkuð hærra niðurstöður en síðasta árs um allt landið.
Ekki eru komnar samanburðarniðurstöður frá Námsmatsstofnun um
meðaltal landsins og landsfjórðunga hjá 4. og 7.bekk, en í Lágafellsskóla
eru niðurstöður þessar :

4.bekkur : íslenska 5,70 og stærðfræði 7,09

7.bekkur : íslenska 6,72 og stærðfræði 5,97

6. Önnur mál.

Það voru engin önnur mál á þessum fundi.

Næsti fundur verður 11.janúar 2011.

Fundi slitið kl.17.00